# NÓVEMBER

*Á söfnum Dalvíkurbyggðar*
*& í Menningarhúsinu Bergi*

## 03. NÓV SNJÓRINN FELLUR Á AROMA



Snjórinn fellur um allt land **kl. 20:59** og þannig verður það líka á Cafe Aroma! Taco-hlaðborð og jólabjór Tuborg á krana, Húsið opnar **kl. 18:00.**

## 10. NÓV HLJÓMSVEITIN AKP – **HITT OG ÞETTA**

Erla Kolbrúnardóttir, Gísli Rúnar Gylfason og Snævar Örn Ólafsson hafa verið að spila saman undanfarið og var kominn tími á heildastæða tónleika með þessum þremur saman. Tónleikarnir heita „Hitt og þetta" þar sem farið verður um víðan völl og teknar ábreiður úr öllum áttum, ásamt því að spila frumsamin lög eftir Snævar. Það má gera ráð fyrir skemmtilegu kvöldi. Þetta er í fyrsta skiptið sem þau koma saman undir nafninu AKP.

**Miðaverð er 2.500 kr,-**
Hægt er að nálgast miða á tix.is
*Verkefnið er styrkt af menningarsjóði Dalvíkurbyggðar*

**kl. 20:00**



## 10. NÓV STJÖRNU-SÆVAR



StjörnuSævar heimsækir Dalvíkurbyggð í samvinnu við Dalvíkurskóla, **kl. 11:00** Nemendur dalvíkurskóla munu heimsækja húsið, en öll velkomin! Sævar Helgi kynnir nýju bókina sína, *Hamfarir*, og fræðir áhugasama um allt mögulegt milli heima og geima.

## 11. NÓV ÞRYKKNÁMSKEIÐ



Listakonan Gillian Pokalo ætlar að halda áhugavert eins dags þrykknámskeið á ensku í Bergi kl. **13:00 - 17:00.** Allar frekari upplýsingar má finna á síðu viðburðarsins á facebook. /Artist Gillian Pokalo will teach a one day screen printing workshop between **1 and 5 pm.**

## 11. NÓV PÍLATES MEÐ MÖGGU



POP-UP pílatestími með Möggu Weiss frá **kl. 10:30-12:00**. Fræðsla um grindabotninn, innri kviðvöðva og allskyns ráð - og klukkutíma pílates tími sem hentar bæði byrjendum og lengra komnum.

**Glaðningur fyrir alla sem mæta!**

**Frítt inn en skráning nauðsynleg.**
Sjá facebook-viðburðinn **pop-up pílates á Dalvík** fyrir nánari upplýsingar.

## 16. NÓV DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU

Dagur Íslenskrar tungu í Bergi í samstarfi við Dalvíkurskóla
**ÖLL VELKOMIN**
Dagskrá á vegum Dalvíkurskóla og tónlistaskólans
**Kl. 10:45 -12:30**

# NÓVEMBER

## *Á söfnum Dalvíkurbyggðar & í Menningarhúsinu Bergi*

## 16. NÓV — SJÓNVARPSLAUS FIMMTUDAGUR



**Opið til 21:00** í Bergi á sjónvarpslausa fimmtudegi Bergs og Cafe Aroma.

**Þórarinn Eldjárn** les upp úr nýrri ljóðabók sinni, *Hlustum frekar lágt,* og uppúr *Kyrrum kjörum* sem kom út fyrir 40 árum síðan, **kl. 18:00** á kaffihúsinu.

Ritsmiðja verður í boði **kl. 16:30-17:30** fyrir börn, e.t.v. sem undirbúningur fyrir þátttöku í jólasögusamkeppni Menningarhússins. Farið verður yfir hvernig búa eigi til ramma fyrir góða sögu, karaktersköpun, sjónarhorn sögumans, mikilvægi lýsingarorða og myndlíkinga. Skoðum smásögur til samanburða.

Af gefnu tilefni viljum við vekja athygli á að börn sem hafa útivistatíma til 20:00 samkvæmt lögum þurfa að vera í fylgd með fullorðnum eftir þann tíma. Þau verða annars send heim kl. 20:00 :)

## 19. NÓV — MUGISON TÓNLEIKAR

**kl. 20:00** – opið á kaffihúsinu.
Miðaverð: 4.900 kr.- www.mugison.com



Ég kom á trillu til Dalvíkur til að fara á böll í gamla daga!
Í þetta sinn komum við keyrandi - ég og Kristo.
Við erum að fagna nýrri plötu sem heitir *É Dúdda Mía*.
Við hlökkum hrikalega mikið til að eiga með ykkur sunnudeginum í sælunni fyrir norðan.

## 30. NÓV — AÐVENTURÖLT



Að venju verður aðventumarkaður í Menningarhúsinu Bergi á röltinu góða. Markaðurinn er opinn frá **kl. 18:00 - 22:00**

Markaðurinn verður með hefðbundnu sniði; margvíslegt handverk, gjafavara og fjölbreyttur söluvarningur í bland við einstaka jólastemmingu og gleði.

Söluaðilum er bent á að panta borð í gegnum netfangið berg@dalvikurbyggd.is
**Verð fyrir hvert borð er 6.000 krónur**

## 11. NÓV — JÓLAHLAÐBORÐ AROMA



yum!

Föstudagur 17. nóv
Laugardagur 18. nóv
Föstudagur 24. nóv
Laugardagur 25. nóv

**Verð:**
Fullorðnir: 12.990
6-12 ára: 5.990
0-5 ára: Frítt

Pantið borð í síma 699-2030
eða á cafearoma620@hotmail.com

### CAFÉ AROMA KAFFIHÚS Í BERG – VETRAROPNUN Á BÓKASAFNI

**Café Aroma kaffihús í Berg**
mán: Lokað
þri- fös: 11:30-17:00
lau: 12:00-17:00
sun: Lokað

**Vetraropnun á bókasafni**
mán - fös: 11:00 - 17:00
lau: 13:00 - 16:00
sun: Lokað

### ENDILEGA FYLGIÐ OKKUR Á SAMFÉLAGSMIÐLUM

Menningarhúsið Berg — @menningarhusidberg
Bókasafn Dalvíkurbyggðar — @bokasafndalvikurbyggdar
Café Aroma — @cafearoma620

DALVÍKURBYGGÐ — BERG MENNINGARHÚS — BÓKASAFN DALVÍKURBYGGÐAR